

# Hörgársveit

# Fréttabréf

3. árg., 15. tbl., 19. október 2012

## Íbúafundur um menningar- og tómstundamál

Í Hlíðarbæ laugardaginn 3. nóvember kl. 10

Hvernig viljum við hafa þennan málaflökk í sveitarfélaginu eftir 5 ár? En eftir 20 ár? Umræðufundur íbúa sveitarfélagsins. Súpa í hádeginu.

## Skemmtisamvera eldri borgara

Skemmtisamvera fyrir eldri borgara verður í matsal þelamerkurskóla (gengið beint inn þar) laugardaginn 27/10 frá kl 11:00-13:30. Fáum okkur súpu, brauð og kaffi, syngjum og skemmtum okkur saman.

Allir velkomnir. Þau sem vilja bílfar hringi í síma 659-2405

Kvenfélag Hörgdæla.

## Gámur fyrir dýrahæ

Gámur fyrir dýrahæ, sem verið hefur í malarnámunni við Hörgárbrú verður færður um næstu mánaðamót, október/nóvember, í efri malarnámuna í landi Bjarga.

Keyrt er niður í námuna af Hörgárdalsveginum gegnt gamla afleggjaranum að Möðruvöllum.

## Frá ritnefnd Byggða Eyjafjarðar 2010

Ábúendum jarða og einstakra húsa í sveitarfélaginu, utan þéttbýliskjarnanna á Hjalteyri og Lónsbakka, hefur verið send próförk af því efni sem birtast á í ritinu. Vinsamlega komið sem fyrst á framfæri lagfæringum og leiðréttingum ef þurfa þykir og staðfestið að próförkinn hafi borist, þótt ekki sé um breytingar að ræða.

Athugasemdum skal koma til Guðmundar Steindórssonar í Búgarði í síma 460-4477, eða á netfangið [gps@bondi.is](mailto:gps@bondi.is)

**Hörgársveit**

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475

**Netfang:** [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is)

**Póstfang:** þelamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is)

# Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

**Fundur nr. 28** 17. október 2012

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

## **1. Fundargerðir samvinnunefndar um svæðisskipulag, 16. janúar, 4. júní, 24. september og 1. október 2012**

Gerð grein fyrir framvindu á gerð svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024. Skv. síðustu fundargerðinni er tillaga að svæðisskipulaginu í lokayfirferð hjá samvinnunefndinni.

*Fundargerðirnar gefa ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

## **2. Hraun í Öxnadal ehf., drög að kaupsamningi um hlutafé**

Lögð fram drög að kaupsamningi um hlutafé í Hrauni í Öxnadal ehf., sbr. bókun sveitarstjórnar 19. september 2012, og samþykkt stjórnar félagsins á því að þau kaup, sem samningsdrögin kveða á um, eigi sér stað.

*Sveitarstjórn samþykkti að veita sveitarstjóra umboð til að undirrita fyrirbyggjandi kaupsamning vegna hlutafjár í Hrauni í Öxnadal ehf., með breytingum sem gerðar voru á fundinum.*

## **3. Amtmannssetrið á Möðruvöllum ses., samningaviðræður um staðarhald á Möðruvöllum**

Lagt fram bréf, dags. 12. október 2012, frá Amtmannssetrinu á Möðruvöllum ses. þar sem óskað er eftir umboði frá Hörgársveit, sem meirihlutaeiganda, handa sjálfseignarstofnuninni til að ganga til samningaviðræðna við Landbúnaðarháskóla Íslands og fasteignasvið Þjóðkirkjunnar um staðarhald á Möðruvöllum. Jafnframt er óskað eftir að sveitarstjórn tilnefni fulltrúa sinn í viðræðunum, ef til þeirra kemur.

*Sveitarstjórn samþykkti að veita ekki Amtmannssetrinu á Möðruvöllum ses. umboð til að eiga samningaviðræður um staðarhald á Möðruvöllum með vísan til þess að slíkt samræmist ekki tilgangi sjálfseignarstofnunarinnar skv. stofnskrá hennar.*

## **4. Birkihlíð, vatnsagi**

Lagt fram bréf, ódags., frá Birni Jóhannessyni um vatnsaga á lóðunum 1, 3 og 4 við Birkihlíð.

*Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara um efni bréfsins.*

## **5. Fundargerðir stjórnar Eyþings, 23. maí, 6. júní og 11. september**

Lagðar fram til kynningar. Þar er m.a. fjallað um vinnu sem fram fer við gerð „sóknaráætlunar landshlutans“. Gerð var grein fyrir hugmyndum um breytt skipulag Eyþings vegna fjölgunar verkefna sambandsins. *Sveitarstjórn tók jákvætt í framkomnar hugmyndir um breytt skipulag Eyþings.*

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. nóvember í Þelamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 19. nóvember